

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 23/1995  
(Álit Samkeppnisráðs nr. 9/1995)

**Hagkaup hf. gegn Samkeppnisráði**

**I.**

Með bréfi er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála, 15. nóvember 1995, hefur Ásgeir Þór Árnason, hrl. fyrir hönd Hagkaups hf., skotið [álit samkeppnisráðs nr. 9/1995](#) frá 3. nóvember 1995 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í álitinu felst að samkeppnisráð telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við viðskiptareglur bókaútgefenda og bóksala.

Áfrýjandi krefst þess að álit samkeppnisráðs nr. 9/1995 verði numið úr gildi og hafnað verði beiðni Félags íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra bóka- og ritfangaverslana um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að starfa eftir viðskiptareglum. Til vara krefst áfrýjandi þess að álitid verði úr gildi numið og lagt verði fyrir samkeppnisráð að taka afstöðu til erindisins að nýju eftir að áfrýjanda hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum og skýringum.

**II.**

Málavextir eru þeir að árið 1981 gerði Félag íslenskra bókaútgefenda og Félag íslenskra bóka- og ritfangaverslana með sér samning um viðskipti sín (svonefndar samskiptareglur). Þann 11. nóvember 1981 var samþykkt, með bókun samkeppnisyfirvalda, undanþága frá ákvæðum laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem heimilaði að unnið væri eftir fyrrnefndum samningi.

Í ágúst og september 1995 gerðu fyrnefnd félög með sér nýjan samning varðandi viðskipti sín (svonefndar viðskiptareglur). Félögin leituðu til samkeppnisyfirvalda og óskuðu eftir því að þeim yrði veitt undanþága frá bannákvæðum samkeppnislaga til að starfa eftir viðskiptareglunum.

Á fundi samkeppnisráðs 3. nóvember 1995 var ofangreint erindi Félags íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra bóka- og ritfangaverslana tekið fyrir. Í álitum ráðsins nr. 9/1995 segir m.a.:

*„Í bráðabirgðaákvæði I í samkeppnislögum nr. 8 frá 1993 segir að þær ákvarðanir verðlagsráðs sem í gildi voru þegar samkeppnislögin komu til framkvæmda skuli gilda áfram þar sem til Samkeppnisráð ákveði annað.*

*Samkeppnisráð lítur svo á að nýjar viðskiptareglur bókaútgefenda og bóksala sé tilslökun frá því samkomulagi sem sömu aðilar gerðu árið 1981. Tilslökunin auki svigrúm til samkeppni miðað við það samkomulag sem í gildi er.*

*Að álitum Samkeppnisráðs er ekki tilefni til þess að gera athugasemdir við viðskiptareglurnar.....“*

Með bréfi til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, dags. 15. nóvember 1995, kemur fram að samkeppnisráðs telur álit sitt nr. 9/1995 ekki kærnanlegt til áfrýjunarnefndar og krefst þess að erindi áfrýjanda verði vísað frá. Í bréfinu kemur einnig fram sú krafa að mál þetta verði sérstaklega tekið fyrir varðandi þessa kröfu áður en frekar verður fjallað um efni þess.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur fallist á fyrrgreinda kröfu samkeppnisráðs og kemur því aðeins formhlið máls þessa til úrlausnar nú.

### III.

Áfrýjandi kveðst hafa lögmæta hagsmuni af úrslitum þessa máls og teljist því vera aðili þess og hafi kærheimild skv. 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1994 og 9. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 672/1994. Áfrýjandi kveðst hafa um 15 ára bil haft með höndum smásölu á íslenskum bókum án þess að vera félagi í Félagi íslenskra bóka- og ritfangaverslana. Áfrýjandi telur að álit samkeppnisráðs nr. 9/1995 hafi bein áhrif á möguleika hans til verslunar á bókamarkaði, dragi úr samkeppni og sé til þess fallin að valda sér fjárhagstjóni.

Áfrýjandi telur að álit það sem hér er til umfjöllunar sé í raun ný ákvörðun samkeppnisráðs, sem kæránleg sé skv. 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1994, þar sem samskiptareglur Félags íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra bóka- og ritfangaverslana frá 1981, sem áður höfðu hlotið náð fyrir augum samkeppnisyfirvalda, höfðu fallið úr gildi. Áfrýjandi telur að þær hafi í fyrsta lagi fallið úr gildi við samþykkt nýrra reglna frá 21. maí 1987 og í öðru lagi þar sem hvorki Félag íslenskra bókaútgefenda né Félag íslenskra bóka- og ritfangaverslana hafi á síðustu árum talið sér skylt að fara eftir þeim. Reglurnar og jafnframt samþykkt samkeppnisnefndar, frá 11. nóvember 1981, hafi þannig fallið úr gildi fyrir notkunarleysi.

Samkeppnisráð telur áfrýjanda ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrslitum þessa máls og geti því ekki átt aðild að málinu.

Samkeppnisráð bendir á að samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sé aðeins unnt að kæra ákvarðanir samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar, sbr. og ákvæði 26. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með hugtakinu „ákvörðun“ í skilningi 9. gr. samkeppnislaga sé átt við stjórnvaldsákvörðun sem sé bindandi að lögum. Að mati samkeppnisráðs uppfyllir álit nr. 9/1995 ekki þetta skilyrði.

#### **IV. Niðurstöður**

Fram er komið að allt frá 11. nóvember 1981 hafa verið í gildi sérstakar viðskiptareglur bókaútgefenda og bóksala sem upphaflega fólu í sér undanþágu frá bannákvæðum þágildandi laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Samkvæmt 3. gr. I í ákvæðum til bráðabirgða í samkeppnislögum skulu þær ákvarðanir verðlagsráðs sem í gildi voru þegar núgildandi samkeppnislög komu til framkvæmda gilda áfram þar til samkeppnisráð ákveður annað.

Með svonefndu álit nr. 9/1995 komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu í sérstakri bókun að nýjar viðskiptareglur bókaútgefenda og bóksala væru tilslökun frá því samkomulagi sem sömu aðilar hefðu gert á árinu 1981 og að tilslökunin gæfi aukið svigrúm til samkeppni miðað við það samkomulag sem í gildi væri. Taldi samkeppnisráð í bókuninni að ekki væri tilefni til þess að gera athugasemdir við viðskiptareglurnar þannig breyttar.

Ekki er um það deilt í máli þessu að áfrýjandi átti umtalsverðan hluta af heildarsölu bóka árið 1994. Hann þykir því eiga lögvarinna hagsmuna að gæta til þess að fá sjálfstætt skorið úr um lögmæti þeirrar undanþágu sem um er fjallað í máli þessu. Af þessum sökum þykir ekki grundvöllur til þess að vísa kröfu hans frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Umrædd undanþága var veitt á grundvelli 13. gr. samkeppnislaga og fól í sér endurnýjað og breytt fyrirkomulag varðandi viðskiptareglur Félags íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra bóka- og ritfangaverslana.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála er þeirrar skoðunar að fyrrgreind bókun samkeppnisráðs frá 3. nóvember síðastliðnum feli í sér nýja ákvörðun sem er áfrýjanleg. Ekki skiptir máli þótt ákvörðunin hafi verið nefnd álit þar sem að það er efni hennar og áhrif sem máli skipta.

Önnur atvik þykja heldur ekki hafa valdið því að umræddar viðskiptareglur séu fallnar úr gildi.

Af þessum sökum er litið svo á að lagagrundvöll bresti til að vísa máli þessu frá áfrýjunarnefndinni.

## V.

### Úrskurðarorð:

**„Máli þessu verður ekki vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.“**